



Erindisbréf

Stjórn Starfsmenntunarsjóðs LSS

Stjórn LSS skipar eftirfarandi aðila, sem fulltrúa LSS, í stjórn Starfsmenntunarsjóðs til tveggja ára:

Eyþór Rúnar Þórarinsson, BS, formaður sjóðsins, klettas@gmail.com, 899 0568.

Guðjón S. Guðjónsson, SHS, gudjons@shs.is, 897 9985.

Að auki skipa atvinnurekendur tvo aðila til viðbótar í sjóðinn.

Starfsmenntunarsjóður er sjálfstæður sjóður og starfar skv. samþykktum þess. Sjóðurinn er skipaður fjórum aðilum til tveggja ára í senn. Stjórn LSS skipar tvo fulltrúa og launagreiðendur jafnmarga. Aðilar skulu skipa jafnmarga varamenn. Formaður og framkvæmdastjóri eiga rétt á að sitja fundi sjóðsins, með málfrelsi og tillögurétt. Skrifstofustjóri LSS er starfsmaður sjóðsins.

Gildistími skipunar: September 2020- apríl 2022.

Markmið sjóðsins er að:

- Tryggja fjárhagslegan grundvöll símenntunar og endurmenntunar fyrir félagsmenn í Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna í tengslum við störf þeirra þannig, að þeir beri ekki kostnað eða verði ekki fyrir tekjutapi vegna slíks náms.
- Stuðla að bættri verkkunnáttu og aukinni hæfni félagsmanna í starfi með styrkjum vegna kostnaðar við slíka menntun.
- Þá hefur sjóðurinn það markmið að sýna frumkvæði að aukinni almennri starfstengdri menntun til starfsstéttarinnar.

Hlutverk:

Sjóðsstjórn ber ábyrgð á rekstri og úthlutun sjóðsins. Fulltrúum LSS ber að vinna eftir áherslum stjórnar LSS og funda því reglubundið með gjaldkera og framkvæmdastjóra LSS. Sjóðsstjórn er sjálfstæð í störfum sínum en heldur gerðarbók og skilar fundargerðum til stjórnar LSS. Sjóðsstjórn hefur að leiðarljósi siðareglur, önnur lög og reglugerðir sem LSS hefur sett eða starfar eftir.

Hlutverk fulltrúa sjóðsins eru m.a.:

- Sjóðsstjórn ber ábyrgð á rekstri og úthlutun sjóðsins og sér um að afgreiða styrkumsóknir samkvæmt gildandi reglugerð um starfsemi þess.
- Sjóðsstjórn mótar stefnu LSS í starfsmenntunarmálum.
- Fulltrúar LSS í stjórn starfsmenntunarsjóðs fylgja eftir stjórnar- og þingssamþykktum LSS.
- Sjóðsstjórn vinnur að eflingu menntunar meðal félagsmanna.
- Ef gerðar eru breytingar á reglum starfsmenntunarsjóðs skulu fulltrúar LSS bera þær undir stjórn LSS.



- Í lok hvers almanaksárs ber sjóðsstjórn að skila skýrslu þar sem gert er grein fyrir fjárhag og starfsemi sjóðsins.
- Í upphafi skipunartímabils skal sjóðsstjórn skipta með sér verkum, setja sér starfsreglur og starfa skv. þeim.

Starfshættir

Formaður sjóðsins ber ábyrgð á boðun funda. Fundarboðun skal vera bréfleg eða rafræn og send öðrum stjórnarmönnum, ásamt framkvæmdastjóra LSS, eigi síðar en fjórum sólarhringum fyrir fund. Úthlutað skal fjórum sinnum úr sjóðnum á ári.

Vonast er til að starfsemi sjóðsins skili eftirfarandi árangri:

- Auka þekkingu og færni félagsmanna LSS í starfi.
- Að aukin þróun og nýjungar skili sér í starf félagsmanna.
- Að félagsmenn miðli þekkingu og reynslu sinni með öðrum.
- Efli stolt og samkennd meðal félagsmanna.
- Að félagsmenn komi málsstað slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna á Íslandi á framfæri.

Fjármál:

Starfsmenntunarsjóður er með sjálfstæðan rekstur og er fjármagnað með iðgjöldum frá atvinnurekendum. Ekki er greitt fyrir stjórnarsetu þar sem um sjálfboðaliðastarf er að ræða en allur útlagður kostnaður er greiddur. Öll fjárútlát þarf sjóðsstjórn að samþykkja.

Tengiliðir úr stjórn LSS: Ásgeir Þórisson, gjaldkeri LSS.

Samstarfsaðili á skrifstofu: Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri LSS.

Reykjavík, 3. nóvember 2020

Magnús Smári Smáráson
Formaður

Bjarni Ingimarsson
Varaformaður